

**Stjórnarfundur í félagi sumarhúsaeigenda í Hvammi haldinn í Húsnæði  
KPMG, Borgartúni 27, 07.11.11 kl 17.15**

**Mættir:** Bergþór Þormóðsson, Bárður Sigurgeirsson, Alexander Edvardsson,  
Skúli Már Sigurðsson, Arnar Jónsson, Svanhildur Skúladóttir

1. **Skipt verkum á milli stjórnar.** BS kjörinn ritari AE sem gjaldkeri.
2. **Á síðasta aðalfundir komu fram 2 ályktanir**
  - a. *Aðalfundur félags sumarhúsaeigenda í Hvammi haldinn 17.10.2011 beinir þeim tilmælum til stjórnar félagsins að komið verði upp nágrannavörslu á Hvammssvæðinu. Stjórnin skal forma tillögur um nánari útfærslu og kynna félagsmönnum á vefsíðu félagsins og/eða á sérstökum fundi.*

Setja þarf leikreglur. Kynna símanúmer nágranna. ? hvort senda á út símanúmer allra. Gefa sig á tal við ókunnuga kanna hvers vega fólk er á ferðinni. Hvenær þarf að hafa samband við lögreglu. Tölvupóstföng þeirra sem eru á svæðinu. Setja upp skilti. Látta vita ef innbrot verði á svæðinu. Þarf að útfæra nánar

- b. *Aðalfundur félags sumarhúsaeigenda í Hvammi haldinn 17.10.2011 samþykkir að heimila stjórn félagsins að setja upp öryggismyndavélar við öryggishliðin á Hvammssvæðinu. Myndir og varsla þeirra er á ábyrgð stjórnar sem mun setja um þetta sérstakar reglur.*

BS kynnti að undirbúningsvinna sé í gangi. Verið er að prófa myndavélarog tryggja að þær nái myndum á bílnúmerum, jafnvel þó bílljós lýsi beint í vélina. Í ljós hefur komið að prufa þarf feliri vélar en þær sem kynntar voru á aðalfundi.

- c. Á aðalfundi var einnig beint til stjórnar að endurskoða greiðslur fyrir þá einstaklinga sem eiga fleiri en eina lóð. Ekki var lögð fram formleg tillaga. Stjórnin mun skoða nánar.

3. Í síðustu viku **fundur með formönnum félaga og sveitarstjórn.** BÞ sagði frá. Fundinn sátu einnig slökkviliðsstjóri og yfirlögregluþjónn í Borgarnesi. Fram kom að varnir á Suðurlandi hafa veið auknar sem hefur haft í för með sér að álagið færast annað sem hefur haft í för með sér fleir innbrot annars staðar. Hugmyndir um að mynda alla umferð um þjóðvegi inn í Skorradal. Verið er að kanna kostnað. Vilji fyrir að koma þessu í framkvæmd. Þarf 4 myndavélar.

Fram kom hjá yfirlögregluþjóni að skemmdir hafa orðið þegar innbrot hafa uppgötvast seint. Miklar skemmdir orið vegna veðurs og vinda. Einnig rætt um brunavarnir. Æfing í undirbúningi. Hægt að gera rásir í gróður til að hefta útbreiðslu elds. Hjá slökkviliðsstjóra kom fram að

landeiganda beri að útvega dælur. Slökkviliðstjóri vill að landeigandi sýni fram á að núverandi kerfi virki. Slökkviliðsstjóri vill koma upp geymum ofan þjóðveggar. Einnig ráðleggingar um að allir hafi krana atan á sumarþústöðum og slöngu sem nær umhverfis húsið tvisvar sinnum. Einnig að sinublöðkur séu til í öllum húsum (fæst hjá Eldavarnarmiðstöðinni og þeim sem selja slökkvitæki). Einnig hefur slökkviliðsstjóri illan bifur á brennum. Vill hafa bara eina brennu í Skorradalnum. Landhelgisgæsla komin með poka sem þeir geta dýft í vatnið og dreift yfir eldsvæði.

Einnig rætt um ruslagáma. ÞP óskaði eftir að gámar á einstökum svæðum fjarlægðir og sumarhúsaeygendur beint á að fara á flokkunarstöðina á Indriðastöðum. Ekki sátt um það hjá öðrum formönnum. Stangast þó á við flokkunarstefnu hreppsins. Þó sennilega hægt að fækka gámum norðan Skorradalvatns. Sveitarstjórn ætlar að skoða nánar. Rétt þó að benda sumarhúsaeygendum á að flokkunarstöð er á Indriðastöðum.

#### **4. Vegir á Hvammssvæðinu**

Komið að viðhaldi á vegum. Farið að koma í að því að bera ofan í vegi og etv. að heflla. Etv. gefa sumarhúsaeygendum kost á að láta laga heimreiðar um leið.

#### **5. Göngustígar**

Sigurður Pétursson jarðverkataki er byrjaður á þessari vinnu. Bergþór benti á að taka þyrfti út vinnuna. Einnig að skoða að einn stígur liggur upp á þjóðveg og þarf að tryggja að ekki verði opnuð akleið. Í það minnsta á einum stað þarf brú eða ræsi. Skúli ætlar að kanna nánar með brýr.

#### **6. Skorradalsvatn í mjög hárrí stöðu.** Hækkar oft mjög hratt. Lagt til að formenn hitti stjórn orkuveitunnar og ræði þessi mál.

#### **7. Vatnsveita**

Skúli skýrði frá því að skrúfað hefði verið frá garðslöngu í sumar að kvöldi og voru þá tankarnir tómir að morgni.

#### **8. Opin svæði – leiktæki.**

Rætt um opin svæði í landinu og fyrir neðan Hvammsbæinn

#### **9. Bátaskýli.** Heimild er fyrir byggingu bátaskýla fyrir neðan Hvammsbæinn. Ræða nánar við landeiganda. Landeigandi hefur áður sýnt áhuga á að hrinda þessu í framkvæmd.

Fundi slitið kl 19.00

Við tölvuna sat

Bárður Sigurgeirsson